

Rammi fulltrúaráðs STEFs um tiltekin störf stjórnar STEFs

Almennar stefnur STEFs

í samræmi við lög um umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019

Samþykkt upphaflega af fulltrúaráði þann 1. júní 2019 og staðfestur árlega síðan af fulltrúaráði STEFs á aðalfundi með smávægilegum breytingum

a. Almenn stefna um frádrátt af höfundaréttartekjum meðlima, þ.m.t. frádrátt vegna Menningarsjóðs

Fyrir ákvörðun um úthlutun á innheimtum höfundaréttartekjum skal stjórn draga frá tekjum öll rekstrargjöld og önnur útgjöld samtakanna. Miða skal við fjárhæðir í samþykktum ársreikningi samtakanna. Stjórn er heimilt að setja sérreglur um mismunandi skiptingu á gjöldum til frádráttar af innheimtum höfundaréttartekjum eftir eðli innheimtra tekna. Nánari upplýsingar um almenna stefnu STEFs varðandi útgreiðslu réttindagreiðslna og frádrátt vegna umsýsluþóknunar STEFs er að finna í úthlutunarreglum samtakanna sem eru aðgengilegar á heimasíðu samtakanna. Stjórn skal einnig draga frá innlendum tekjum og halda eftir fjárhæð er nemi allt að 10% af hreinum rekstrartekjum hvers árs og ráðstafa til Menningarsjóðs.

b. Ávöxtun fjármuna og hvernig fjármagnstekjum skuli ráðstafað

Stjórn skal ávaxta fjármuni samtakanna með tryggum hætti eftir varfærinni fjárfestingarstefnu, aðallega með vörslu á innlánsreikningum banka og eða kaupum á ríkistryggðum skuldabréfum eða sambærilegum eignum. Fjármagnstekjum skal að hálfu ráðstafa til Ferðastyrkjasjóðs og að hálfu til úthlutunar með höfundaréttartekjum.

c. Hvernig ráðstafað skuli fjármunum vegna verka sem ekki finnst höfundur að

Stjórn skal árlega halda eftir 0,5% af hreinum tekjum hvers árs og leggja í varasjóð sem skal síðan vera til taks til að greiða rétt höfum sem ekki voru skráðir á verk við úthlutun, þegar og ef þeir gefa sig fram síðar, eða til tilfallandi leiðréttinga á úthlutunum. Ef varasjóðstillagi hefur ekki verið ráðstafað eftir 4 ár frá tillagi í varasjóð er stjórn heimilt að ráðstafa þeim hluta sem óráðstafað er til almennrar úthlutunar eða til Menningarsjóðs.

d. Áhættustýring

Stjórn skal sjá til þess að innleiða virka áhættustýringu í starfsemi samtakanna með sem hagkvæmustum hætti og eftir því sem við verður komið. Samþykkti stjórn sérstaka áhættustefnu 2019 sem enn er í gildi og er hún aðgengileg á heimasíðu STEFs.

e. Sala eða leiga eigna

Stjórn tekur almennt ákvarðanir um sölu eða leigu eigna samtakanna sem teljast rekstrareignir, nauðsynlegar til daglegs rekstrar. Verði ágreiningur í stjórn um sölu eða leigu eigna skal skjóta ákvörðun til fulltrúaráðs. Sala fasteigna félagsins er þó ávallt háð samþykki fulltrúaráðsfundar.

f. Samruni við önnur samtök eða fyrirtæki

Stjórn skal ávallt leita heimildar fulltrúaráðs fyrir samruna við önnur samtök eða fyrirtæki.

g. Stofnun dótturfélaga, útibúa, deilda eða samrekstrar (e. joint venture)

Stjórn er heimilt að stofna dótturfélög, útibú, deildir eða stofna til samrekstrar ef það er til hagsbóta fyrir rétthafa og eykur ekki fjárhagslega áhættu eða rekstraáhættu umfram það sem telst til daglegs rekstrar.

h. Lánagerningar og veðsetningar

Stjórn er heimilt að samþykkja lánagerninga og veðsetningar sem nauðsynlegar teljast vegna daglegrar starfsemi og rúmast innan markmiða og verklagsreglna stjórnar um áhættustýringu.

i. Kaup á hlutabréfum eða aðrar fjárfestingar

Stjórn er óheimilt að samþykkja fjárfestingar hvort sem það er í hlutabréfum eða öðrum eignum, nema slík fjárfesting sé í samræmi við ávöxtunar- og fjárfestingastefnu samtakanna, eða fjárhæð fjárfestingarinnar telst óverulegur hluti eigna samtakanna og telst vera til að auka hag rétthafa. Ekki skal efna til meiri háttar fjárfestinga nema eftir ákvörðun og samþykkt fulltrúaráðs.